



Sveitarfélagið ÁRBORG

Gjaldskrá ferðaþjónustu fatlaðra í Sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Ferðir sem falla undir 1.- 4. tölulið 9. gr. og 2. mgr. 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, sbr. 1. mgr. 3. gr. reglna um ferðaþjónustu fatlaðra, eru gjaldfrjálsar.

2.gr.

Gjald fyrir hverja ferð, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglna um ferðaþjónustu fatlaðra, er 155 krónur. Aðstoðarmenn þeirra, sem ekki geta ferðast án aðstoðar, greiða ekki fyrir akstur.

3.gr.

Gjald fyrir ferðir út fyrir mörk Sveitarfélagsins Árborgar, sbr. undanþáguákvæði 2. mgr. 6. gr. reglna um ferðaþjónustu fatlaðra, er tekjutengt. Notendur, 18 ára og eldri, sem hafa lægri tekjur en sem nemur grunnfjárhæð einstaklings, samkvæmt gildandi reglum Félagsþjónustu Árborgar um fjárhagsaðstoð, greiði sem svarar 25% af ferðakostnaði. Notendur með hærri tekjur en áður nefnda grunnfjárhæð greiði 50% af ferðakostnaði. Við gjaldtöku notenda, yngri en 18 ára, gildir sama regla og skal taka mið af tekjum forsjarforeldra.

4.gr.

Innheimta notendagjalda er í höndum starfsmanna sveitarfélagsins og skal gjaldið innheimt ársfjórðungslega samkvæmt uppgjöri frá verktaka.

Gjaldskrá þessi skal endurskoðuð árlega og lögð fyrir félagsmálanefnd til staðfestingar.

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum, þann 13. desember 2017, nýja gjaldskrá sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2018. Á sama tíma fellur fyrri gjaldskrá úr gildi frá 1. jan. 2017.